

Áfangaskýrsla vegna sjálfsmats Árbæjarskóla skólaárið 2018 – 2019

Þriggja ára matsáætlun fyrir Árbæjarskóla var lögð fram haustið 2018 og nær hún til ársins 2021. Í þessari áfangaskýrslu er að finna upplýsingar um hvernig sjálfsmatið var unnið skólaárið 2018-2019 auk þess sem sem niðurstöður matsins verða ígrundaðar.

Sjálfsmatsáætlun skólans er sett niður á mánuði og verður farið yfir áætlun hvers mánaðar í þessari skýrslu, rýnt í hvernig gekk, niðurstöður skoðaðar og metnar og fjallað um og gerð áætlun um úrbætur. Þegar horft er til framkvæmdarinnar þá gekk margt mjög vel en ýmislegt má einnig betur fara. Vinna við sjálfsmatið er að mestu leyti á herðum stjórnenda en starfsfólk er þó virkt í að meta niðurstöður s.s. úr Skólapúlsinum, starfsmannakönnun o.fl. Starfsfólk hefur ekki sýnt því áhuga að vera í matshóp og hafa stjórnendur metið það þannig að starfskröftum þeirra sé vel varið í að vinna að þróun náms og kennslu.

Í þessari skýrslu verður fyrst gerð grein fyrir verkefnum hvers mánaðar skv. sjálfsmatsáætluninni og síðan hvernig verkefnin gengu fyrir sig, staðan metin og hvaða úrbóta er þörf. Í lokin er síðan samantekt á matinu í heild sinni og áherslur næsta skólaárs.

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
Ágúst	<ol style="list-style-type: none">Kynning á matsáætlunÚtgáfa og lokayfirferð skólanámskrár og starfsáætlunarÚtgáfa kennsluáætlana hvers árgangs/hverrar námsgreinar og mat á þeim	<ul style="list-style-type: none">MatsteymiSkólastjórnendurKennarar/skólastjórnendur

- Kynning á matsáætlun:** matsáætlunin var kynnt fyrir starfsfólki og einnig skólaráði á haustdögum af skólastjórnendum.
- Útgáfa og lokayfirferð skólanámskrár og starfsáætlunar.** Hvoru tveggja var gefið út á haustdögum en ákveðið var að endurskoða skólanámskránna, uppsetningu á þessu skólaári.
- Útgáfa kennsluáætlana:** Kennsluáætlanir voru gefnar út en ekki metnar sérstaklega sem slíkar. Stefnt að því að gera það haustið 2019.

Mat og úrbætur:

- Skólanámskrá þarf að endurskoða, stefnt að því að vori/hausti 2019
- Fram kom mikilvægi þess að samræma kennsluáætlanir a.m.k. á hverju skólastigi fyrir sig frá og með hausti 2019.

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
September	<ol style="list-style-type: none"> Mat á skólafærni- og lestrarþjálfunarnámskeiði fyrir foreldra, Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk Mat á kennslu hefst 	<ul style="list-style-type: none"> Aðstoðarskólastjóri yngsta og miðstigs Verkefnastjóri í UT Skólastjórnendur

- Mat á skólafærni- lestrarþjálfunarnámskeiði fyrir foreldra.** Þetta var ekki gert.
- Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk.**
Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (sjá niðurstöður í janúar og maí)
- Mat á kennslu hefst:** Þetta fór ekki í gang á þessu skólaári.

Mat og úrbætur:

- Stefnt er að því að vera með skólafærni, lestrarþjálfunarnámskeið fyrir foreldra haustið 2019
- Ekki hefur verið ákveðið hvenær mat á kennslu hefst.

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
Október	<ol style="list-style-type: none"> Sjálfsmat/mat á stöðu nemenda í tengslum við foreldraviðtöl. Mat á líðan nemenda í 3. – 5. bekk o.fl. (1/2 hópur) Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk Niðurstöður Lesferils rýndar 	<ul style="list-style-type: none"> Umsjónarkennara Matsteymi/kennarar Verkefnastjóri UT Aðstoðarskólastjórar.

- Sjálfsmat/mat á stöðu nemenda í tengslum við foreldraviðtöl.** Þetta var útfært af hverjum kennara fyrir sig. Umsjónarkennarar í 10. bekk tóku t.d. alla nemendur í einkasamtöl. Umsjónarkennarar á yngri aldurstigum tóku samtöl við nemendur og foreldra þar sem voru sett markmið fyrir komandi skólaár. Einnig var tekið viðtal þar sem voru sett markmið varðandi lestur og árangur í lestrarnámi.
- Mat á líðan nemenda í 3. – 5. bekk o.fl. (1/2 hópur).** Þessu var frestað fram á vorönn.
- Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk.**
Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (sjá niðurstöður í janúar og maí)
- Niðurstöður lesferils rýndar.**
Niðurstöður lesferils voru rýndar af aðstoðarskólastjórum og umsjónarkennurum hvers árgangs.

Mat og úrbætur:

- Kennarar 10. bekkjar sögðu að einkaviðtölin hafi gengið mjög vel. Þau voru einungis tekin í umsjónartímum en skoða þarf hvort ekki megi taka hluta þeirra á öðrum tíma.
- Eftir að niðurstöður lesferils voru rýndar var gripið til viðeigandi ráðstafana varðandi árangur nemenda. Umsjónarkennarar voru sammála um að niðurstöðurnar gæfu mjög góða mynd af stöðu nemenda í lesfimi og gott að styðjast við þær við undirbúning kennslunnar. Niðurstöðurnar eru notaðar markvisst til að auka árangur nemenda og til að gera foreldrum grein fyrir stöðunni.

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
Nóvember	<ol style="list-style-type: none"> 1. Samræmd próf í 4. bekk, 7. bekk og 10. bekk – greining niðurstaðna 2. Mat á líðan nemenda í 1. – 2. bekk (1/2 hópur) 3. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk 	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Stjórnendur/umsjónarkennarar ▪ Matsteymi/kennarar ▪ Verkefnastjóri í UT

1. Samræmd próf, greining niðurstaðna.

Niðurstöður í árgöngunum voru rýndar sérstaklega.

Niðurstöður 4. bekkinga voru skoðaðar og í ljós kom að árangur árgangsins var mjög góður í heild sinni. Umsjónarkennarar rýndu stöðuna vel og fóru yfir hana á fundi með stjórnendum og hvernig hægt væri að bregðast við.

Niðurstöður í 7. bekk.

Niðurstöður 7. bekkinga voru skoðaðar og í ljós kom að árangur Árbæjarskóla í íslensku var á þann veg að skólinn er með fleiri nemendur í neðsta þrepi heldur en á landsvísu. Í stærðfræði kom hins vegar í ljós að of fáir nemendur eru í efsta þrepi miðað við á landsvísu og einnig er fjöldi nemenda í miðþrepi hærri en á landsvísu.

Niðurstöður í 9. bekk.

Niðurstöður í 9. bekk voru rýndar með sama hætti og niðurstöður í 7. bekk, niðurstöður voru í meðallagi miðað við landsmeðaltal.

2. Mat á líðan nemenda í 1. – 2. bekk (1/2 hópur). Þessu var frestað fram á vorönn.

3. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk. Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (sjá niðurstöður í janúar og maí).

Mat og úrbætur:

- Kennarar rýndu allir samræmdu prófin og hver hópur fór í aðgerðir út frá þeim.

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
Desember	1. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	▪ Verkefnastjóri í UT

1. Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (sjá niðurstöður í janúar og maí)

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
Janúar	1. Mat á framboði valgreina , samráð við 9 og 10. bekk um valgreinar o.fl. 2. Fundir með nemendum í 8. – 10. bekk (hvað þau eru ánægð með, hvað má betur fara, hvað getum við gert til að öllum líði vel) 3. Samantekt á niðurstöðum nemenda-könnunar haustannar (Skólapúlsinum) 4. Mat á líðan nemenda í 3. – 5. bekk o.fl. (1/2 hópur) 5. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	▪ Aðstoðarskólastjóri unglíngad. ▪ Matsteymi/umsjónarkennarar ▪ Matsteymi/aðstoðarskólastjórar ▪ Matsteymi/kennarar ▪ Verkefnastjóri í UT

1. **Mat á framboði valgreina.** Samkvæmt áætluninni átti að hafa samráð við nemendur um valgreinar en það var ekki gert í þetta sinn en þetta var rætt í skólaráði og í stjórn nemendafélagsins sem skilaði álitum. Kennarar komu aftur á móti með ýmsar hugmyndir og metið var hvað hafði gengið vel og hvað síður á þessu skólaári. Vandað var við gerð nýrrar valbókar sem sett var út á vefinn í apríl.
2. **Fundir með nemendum í 8. – 10. bekk.** Þjóðfundur var haldinn á árgangavísu af félagsstarfskennara skólans. Þar voru nemendur látnir meta skipulag skólastarfsins, hvað vel er gert og hvað má betur fara. Einnig var kallað eftir hugmyndum nemenda um hvað gæti gert góðan skóla betur. Félagstarfskennari vann úr niðurstöðunum ásamt nemendastjórninni og voru þær kynntar skólastjórnendum.
3. **Samantekt á niðurstöðum nemenda-könnunar haustannar** (Skólapúlsinum). Ýmislegt kom í ljós þegar niðurstöður voru rýndar með skólaráði og einnig starfsmannahópnum.

Það sem kom helst í ljós og hélst út vorönnina.

- að nemendur okkar hafa ekki nægjanlega trú á eigin getu,
- efla þarf þrautseigju nemenda í námi
- samband kennara og nemenda þarf að efla á unglíngastiginu

- tíðni hreyfingar er marktækt minni en í sambærilegum skólum
 - heimaverkefni mega vera áhugaverðari
 - þættir eins og einelti voru að koma „vel“ út þannig að einelti mælist á pari við aðra skóla
 - ánægja af lestri var að mælast góð
 - áhugi á stærðfræði var að mælast jákvæður.
4. **Mat á líðan nemenda í 3. – 5. bekk o.fl.** Var gert síðar á vorönninni.
5. **Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk.** Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (sjá niðurstöður í janúar og maí sbr. hér fyrir ofan)

Mat og úrbætur:

- Hafa þarf samráð við nemendur um framboð valgreina, leyfa þeim að hafa áhrif.
- Vinna þar sérstaklega með þrautseigju nemenda og trú þeir á eigin getu. Ákveðið var að sækja um styrk til að undirbúa verkefni sem tæki á þessum þáttum, mannkostamenntun.
- Rætt var við kennara um að efla þyrfti samband á milli nemenda og kennara og huga að gerð heimaverkefna.
- Tíðni hreyfingar er áhyggjuefni en farið var í ýmiss verkefni s.s.:
 - Að gefa nemendum ekki frí í íþróttum ef þau mæta án íþróttaklæðnaðar (farið var með þau í göngu í Elliðaárdalnum).
 - Verkefni með 7. bekk
 - Rætt við íþróttakennara um að koma enn betur til móts við ólíkar þarfir nemenda
 - ...
 - Hugsa að innleiðingu ákveðinna þátta í heilsueflandi skóla haustið 2019 undir stjórn námsráðgjafa.

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
Febrúar	1. Matsfundur í skólaráði 2. Starfsmannakönnun SFS – árlega lögð fyrir 3. Sjálfsmat/mat á stöðu nemenda í tengslum við foreldraviðtöl. 4. Starfsmannasamtöl (febr.-apríl) 5. Skólapúlsinn – foreldrakönnun 6. Mat á líðan í 1. – 2. bekk (1/2 hópur) 7. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk 8. Niðurstöður Lesferils rýndar	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Skólastjóri/aðstoðar.skólast. ▪ Umsjónarkennarar ▪ Umsjónarkennarar ▪ Stjórnendur ▪ Verkefnastjóri UT ▪ Matsteymi/kennarar ▪ Verkefnastjóri í UT ▪ Aðstoðarskólastjórar

1. Matsfundur í skólaráði

Nemendur komu fyrr á árinu inn á fund í skólaráði og ræddu hvað þau væru ánægð með og hvað mætti fara betur. Þau töldu upp margar þætti sem þau voru ánægð með en óskuðu samt eftir nokkrum hlutum eins og t.d. Grænmetisfæði í mótuneytið, borðtennisborðum og fótboltaspilum (hefðu lítið að gera í frímínútum), sjálfssölum með hollu fæði (skyri, samlokum o.s.frv).

Á fundinum í febrúar fóru þau yfir það sem gengur vel og hvað má betur fara og nefndu þá eftirfarandi:

Það sem gengur vel:

- Árshátíðin
- Böllin
- Skólalok kl. 14:30 á föstudögum
- Góður matur
- Margar valgreinar
- Föstudagsprófin þar sem nemendur geta tekið þau próf sem þau hafa misst af á liðnum vikum
- Skrekkur
- Flott og fjölbreytt verkefni í samfélagsfræði
- Gaman að samþætta samfélagsfræði og náttúrufræði í 10. bekk
- Fjölbreytt verkefni í ensku

Það sem má ganga betur:

- Fjölbreyttari matur fyrir grænmetisætur
- Fjölbreyttari kennsluaðferðir
- Meiri samræming milli kennara
- Að starfsfólk virði lengd matartíma hjá unglingunum
- Bent á fræðslu „Sjúk ást“ – um heilbrigð sambönd

Hugmyndir

- Ný grill í miðrymi
- Hillur fyrir skólatöskur
- Halda bíókvöld
- Hafa sjálfsala með hollum millibitum

Ákveðin skref voru tekin í þessa átt eins og með því að kaupa borðtennisborð, fótboltaspil, bjóða upp á grænmetisfæði og slíkt. Þau fengu einnig leyfi til að halda bíókvöld, skoðuð var fræðslan sjúk ást og rætt við kennara um fjölbreytni í kennsluaðferðum.

2. Starfsmannakönnun SFS – árlega lögð fyrir

Starfsmannakönnun SFS var lögð fyrir í janúar/febrúar og niðurstöður birtar í mars.

3. Sjálfsmat/mat á stöðu nemenda í tengslum við foreldraviðtöl.

Haldin er utan um tölulegar upplýsingar svo sem hver margir mæta og hvort foreldri eða bæði. Útbúin hafa verið matsblöð í Mentor þar sem nemendur og foreldrar hafa metið stöðuna annars vegar og hins vegar kennarar fyllt út sambærileg blöð. Þessi vinna er lögð til grundvallar í viðtölunum.

4. Starfsmannasamtöl (febr-apríl)

Starfsmannasamtölin voru tekin alveg fram í lok skólaársins. Starfsfólk svaraði könnun á netinu og hitti síðan stjórnendur sem fóru yfir könnunina auk þess sem kennarar sýndu á fundinum hvernig þeir undirbyggju kennsluna. Auk þessara þátta voru rædd fagleg mál, líðan o.s.frv. Stjórnendur tóku saman og yfirfóru niðurstöður samtalanna. Almennt var starfsfólk mjög sátt og hægt að bregðast við flestum einstaklingsbundnum ábendingum strax. Segja má að samræmi hafi verið milli samtalanna og niðurstöðu úr starfsmannakönnun.

5. Skólapúlsinn – foreldrakönnun

Könnun á viðhorfum foreldra er gerð annað hvert ár en næst verður hún á vorönn 2020. Hún er ekki gerð af Skólapúlsinum heldur af Reykjavíkurborg, hér er villa í sjálfsmatsáætlun.

6. Mat á líðan í 1. – 2. bekk (1/2 hópur)

Nemendur lögðu mat á hvað væri gott við skólann og hvað mætti bæta. Fulltrúar nemenda komu á fund skólastjórnenda með niðurstöður. Nemendur ræddu um jákvæða upplifun af læsi og stærðfræði, einnig voru nemendur hrifnir af hópeflisleikjum og skólalóðinni. Nemendur vildu hins vegar fá að ráða stundum hvað væri í matinn og einnig að fá að velja stundum sessunaut sinn í kennslustundum.

7. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk

Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (sjá niðurstöður í janúar og maí)

8. Niðurstöður Lesferils rýndar

Niðurstöður lesferils voru rýndar af aðstoðarskólastjórum og umsjónarkennurum hvers árgangs.

Mat og úrbætur:

- Rætt verður við matreiðslumeistarann um fjölbreyttari mat fyrir grænmetisætur.
- Við munum skoða að setja upp töskuskápa fyrir 7. bekk.
- Rætt verður við matreiðslumeistara og kennara um úrbætur vegna mats yngstu barnanna á skólastarfinu.

- Í símenntun kennara verður hugað að fjölbreyttum kennsluaðferðum.
- Eftir að niðurstöður lesferils voru rýndar var gripið til viðeigandi ráðstafana varðandi árangur nemenda. Umsjónarkennarar voru sammála um að niðurstöðurnar gæfu mjög góða mynd af stöðu nemenda í lesfimi og gott að styðjast við þær við undirbúning kennslunnar. Niðurstöðurnar eru notaðar markvisst til að auka árangur nemenda og til að gera foreldrum grein fyrir stöðunni.

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
Mars	<ol style="list-style-type: none"> 1. Starfsmannakönnun - niðurstöður 2. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk 3. Niðurstöður rekstrar árið á undan 	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Matsteymi og verkefnastj. UT ▪ Verkefnastjóri í UT ▪ Fjármálastjóri SFS skilar til skólastjóra

1. Starfsmannakönnun – niðurstöður

Niðurstöður voru jákvæðar þar sem allir grunnþættir könnunarinnar höfðu hækkað, eru allir á grænu. Þættirnir eru:

- Hæfir og áhugasamir starfsmenn
- Árangursríkir stjórnunarhættir
- Starfsánægja
- Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi

Það sem helst þarf að huga að á næsta skólaári er:

- Móttaka nýliða – setja það í góðan farveg.
- Passa að hrósa fólki fyrir það sem vel er gert.
- Bjóða upp á/hvetja til símenntar sem nýtist fólki í starfi.
- Kanna hvernig má styðja fólk til að samræma betur vinnu og einkalíf.

2. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk

Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (sjá niðurstöður í janúar og maí)

3. Niðurstöður rekstrar árið á undan

Niðurstöður rekstrar hafa ekki enn verið birtar en svo virðist sem skólinn hafi nánast verið innan fjárheimilda þ.e. innan við eina milljón yfir fjárheimildum.

Mat og úrbætur:

- Móttaka nýliða – finn þarf því góðan farveg, hugsa út fyrir rammann.

- Allir þurfa að muna að hrósa fólki fyrir það sem vel er gert.
- Boðið verður upp á að kennarar velji sér símenntun sem nýtist fólki í starfi.
- Kannað verður hvernig má styðja fólk til að samræma betur vinnu og einkalíf.

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
Apríl	<ol style="list-style-type: none"> 1. Mat á skólanámskrá og kennsluáætlunum skv. viðmiðum 2. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk 3. Samræmd próf – greining niðurstaðna 4. Mat á líðan nemenda í 3. – 5. bekk 	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Kennarar/stjórnendur <p>Verkefnastjóri í UT</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Aðstoðarskólastjórar

1. Mat á skólanámskrá og kennsluáætlunum skv. viðmiðum

Ákveðið var að fara yfir skólanámskrá og kennsluáætlanir fyrir næsta skólaár og voru allir (stjórnendur og kennarar) sammála um mikilvægi þess. Stjórnendur lögðu til grunngerð (demó) af kennsluáætlun sem ákveðið var að styðjast við þannig að allir mikilvægir þættir kæmu fram á áætluninni. Allir kennarar yfirfóru skólanámskrár í lok árs eða munu uppfæra í byrjun næsta skólaárs.

2. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk

Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (sjá niðurstöður í janúar og maí)

3. Samræmd próf – greining niðurstaðna

Niðurstöður prófanna voru rýndar af skólastjórnendum ásamt faggreinakennurum og aðgerðaráætlun gerð í framhaldinu.

4. Mat á líðan nemenda í 3. – 5. bekk

Nemendur lögðu mat á hvað væri gott við skólann og hvað mætti bæta. Fulltrúar nemendakomu á fund skólastjórnenda með niðurstöður. Nemendum upplifðu góða stærðfræðitíma, skemmtilega list og verkgreina kennslu og læsistímar voru einnig skemmtilegir. Nemendum fannst mega bæta úrvalið á bókasafninu, fleiri leiktæki t.d bolta á skólalóðina og fleiri slökunartíma.

Mat og úrbætur:

- Yfirferð á skólanámskrá í höndum hvers kennara/stigs.
- Ný gerð af kennsluáætlunum frá og með hausti 2019
- Rætt verður við umsjónarkennara um það sem nemendum fannst mega bæta og aðstoðarskólastjóri mun bæta í bolta og leikföng til að nota í frímínútum.

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
Maí	<ol style="list-style-type: none"> Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk Niðurstöður Lesferils rýndar 	<ul style="list-style-type: none"> Verkefnastjóri í UT Aðstoðarskólastjórar

1. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk

Ýmislegt kom í ljós þegar niðurstöður voru rýndar með skólaráði í janúar og einnig með starfsmannahópnum.

Það sem kom helst í ljós og hélst út vorönnina (sömu niðurstöður og í janúar)

- að nemendur okkar hafa ekki nægjanlega trú á eigin getu,
- efla þarf þrautseigju nemenda í námi
- samband kennara og nemenda þarf að efla á unglingsstigi
- tíðni hreyfingar er marktækt minni en í sambærilegum skólum
- heimaverkefni mega vera áhugaverðari
- þættir eins og einelti voru að koma „vel“ út þannig að einelti mælist á pari við aðra skóla
- ánægja af lestri var að mælast góð
- áhugi á stærðfræði var að mælast jákvæður.

2. Niðurstöður Lesferils rýndar

Niðurstöður lesferils voru rýndar af aðstoðarskólastjórum og umsjónarkennurum hvers árgangs. Sérstaklega var rýnt í framfarir og stöðu nemenda frá hausti til vors.

Mat og úrbætur:

- Vinna þar sérstaklega með þrautseigju nemenda og trú þeir á eigin getu. Ákveðið var að sækja um styrk til að undirbúa verkefni sem tæki á þessum þáttum, mannkostamenntun.
- Rætt var við kennara um að efla þyrfti samband á milli nemenda og kennara og huga að gerð heimaverkefna.
- Tíðni hreyfingar er áhyggjuefni en farið var í ýmiss verkefni strax á haust- og vorönn
- Vinna þarf að ákveðnum þáttum heilsueflandi skóla, koma á verkefnastjórn.
- Niðurstöður Lesferils frá september til maí voru sérstaklega rýndar með tilliti til framfara einstaklinga í hverjum árgangi. Haft var samband við foreldra og nemendur í þeim tilfellum þar sem viðmiðum var ekki náð og brugðist var við með viðeigandi hætti.

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
Júní	<ol style="list-style-type: none"> Yfirferð lögbundinna áætlana 	<ul style="list-style-type: none"> Skólastjórnendur Matsteymi/stjórnendur

	2. Samantekt matsteymis um innra mat, skýrsla	
--	---	--

1. Yfirferð lögbundinna áætlana

Lögbundnar áætlanir voru uppfærðar haustið 2018 og verða einnig uppfærðar fyrir haustið 2019

2. Samantekt matsteymis um innra mat, skýrsla

Um er að ræða þá skýrslu sem hér birtist.

Mat og úrbætur fyrir skýrsluna í heild sinni, forgangsröðun:

1. Ný uppsetning á skólanámskrá
2. Koma á ákveðnum þáttum í heilsueflandi skóla sérstaklega m.t.t. hreyfingar nemenda
3. Sækja um styrk til að vinna að mannkostamenntun
4. Gera greinagóða læsisáætlun
5. Huga að nýju formi þegar kemur að móttöku nýliða
6. Setja upp skápa fyrir 7. bekk
7. Hafa nemendur með í ráðum við að ákveða valgreinar

Október 2019,
Guðlaug Sturlaugsdóttir
Guðrún Erna Þórhallsdóttir
Þórhildur Þorbergsdóttir